

Uppúr skúffunum 2008

Úrslit í Uppúr skúffunum 2008, árlegri samkeppni um hagnýtingu innan Háskóla Íslands, voru kynnt 21. nóvember 2008. Samkeppnin er styrkt af Einkaleyfastofu og Árnason|Faktor, lögfræðistofu sem sérhæfir sig í umsóknum einkaleyfa, höfundaréttar og gæslu hugverka. Þetta



var í tíunda skiptið sem samkeppnin var haldin og svo skemmtilega vildi til að 10 ára afmælið féll saman við 20 ára afmæli Tæknigarðs sem hefur frá upphafi verið miðstöð hagnýtingar vísinda við Háskóla Íslands.

Tólf tillögur bárust að þessu sinni. Þrjár þeirra voru verðlaunaðar. Fyrstu verðlaun hlaut tillaga sem unnin var í samvinnu sjúkraþjálfunar- og verkfræðideildar. Þrír nemendur, 2 frá verkfræðideild, Andri Ingvason og Bjarki Már Elíasson, og 1 úr sjúkraþjálfun, Jóna Guðný Artúrsdóttir, unnu verkið undir leiðsögn dr. Karls S. Guðmundssonar dósents í verkfræði, dr. Fjólu Jónsdóttur prófessors í verkfræði og Þorbjörgu Guðjónsdóttur lektors í sjúkraþjálfun. Tillagan nefnist „Gönguhermir“. Þetta er upphafsþróun að tæki sem ætlað er fyrir mikið hreyfihömluð börn. Börnin standa í tækinu og það hreyfir fætur þeirra í mynstri sem líkist ganghreyfingum. Við það fæst þungi á beinin og hugsanlega ná börnin að virkja vöðva í fótum. Þannig er hægt er að viðhalda beinþéttni og jafnvel vöðvastyrk. Hreyfingin hefur auk þess góð áhrif á líkamlegt úthald. Gert er ráð fyrir að tækið verði með nokkra stillimöguleika þannig að það henti hverju barni fyrir sig og hægt sé að nota það heima eða í skóla.

Önnur verðlaun, tillaga Örnú Harðardóttur ber nafnið „Stöðluð skráning meðferða í sjúkraþjálfun“ og byggir á meistararitgerð sem Arna birti vorið 2007. Nafnið ber meira í sér en orðanna hljóðan. Bakvið skráninguna liggur nákvæm lýsing meðferða sem allir sjúkraþjálfarar skilja á aðeins einn veg. Þetta hefur tíðkast lengi í læknisfræði, en mun vera í fyrsta skipti sem sömu aðferð er beitt í sjúkraþjálfun.

Tillaga dr. Ólínu Þorvarðardóttur „Spánverjavígin 1615 - sögusafn og söguslóð“ hlaut 3ju verðlaun. Hugmyndin byggir á hinum illræmdu vígum spænskra fiskimanna 1615 á Vestfjörðum. Eins og nafnið bendir er hugmyndin að byggja upp safn um þessa atburði á norðanverðum Vestfjörðum heimamönnum jafnt sem aðkomnum til fræðslu og vonandi frekari skoðunar á sögu svæðisins.